


Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Endurskoðun árið 2013

Lýsing á skipulagsverkefninu



Verk nr. 1102018

7. mars 2013



Lýsing á aðalskipulagsverkefni

1 Forsendur

Lýsing þessi er gerð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Ætlunin er að yfirfara og lagfæra gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar þar sem landnotkunarflokkar verða uppfærðir miðað við þær breytingar sem orðið hafa á aðalskipulagi síðan það var staðfest og lagfæra texta og gera hann skýrari þar sem reynslan hefur sýnt að þörf sé á því.

Í ljós hefur komið að erfitt getur verið að fara eftir texta í greinargerð því leita þarf fram og til baka til að skilja hann t.d. varðandi fjarlægðarmörk. Ætlunin er því að taka saman í sérstaka kafla þær reglur sem gilda um hverja tegund húsa o.s.frv. Einnig verði lagfært það sem hefur breyttst frá því skipulagið var staðfest. Þá er átt við texta í „Greinargerð I, stefnumótun og landnotkun í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.“ Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort greinargerðinni sjálfri verði breytt, eða gefið út nýtt hefti styttra og skýrara.

Forsenda breytingarinnar er að uppfæra texta skipulags miðað við breytingar sem orðið hafa í einhverjum tilvika og skýra þau atriði sem reynslan hefur sýnt að ástæða sé til að skýra.

Þá verði settar reglur um aðstöðuhús, lágmarksstærðum frístundahúsa verði breytt og skilgreind verði lágmarksviðmið vegna skipulags á íbúðarsvæðum.

2 Markmið

Markmiðið með breytingunni er að gera það auðveldara að vinna eftir gildandi aðalskipulagi og uppfæra þau atriði sem hafa tekið breytingum frá því skipulagið var staðfest.

3 Umhverfismat

Ekki er gert ráð fyrir að gera þurfi umhverfismat vegna áætlunarinnar því yfirleitt er ekki um nýjar breytingar að ræða heldur lagfæringar. Komi í ljós við vinnslu verkefnisins að ástæða sé til að meta umhverfisáhrif einhverra breytinga þá verður það gert.

4 Framsetning

Tveir möguleikar verða skoðaðir í skipulagsvinnunni, en annar er að breyta greinargerðinni og auglýsa hana að nýju, en hinn er að gefa út viðbótargreinargerð með samantekt um þau atriði sem þarf að skýra og leiðréttingum á því sem þarf að leiðrétta.

Þá verður unnið að því að setja landflokkin inn á kortasjá sveitarfélagsins.

5 Kynning og samráð

Skipulagslýsingin skal send Skipulagsstofnun, Akureyrarbæ og Svalbarsstrandarhreppi til umsagnar og kynnt almenningi með því að leggja hana fram á skrifstofu sveitarfélagsins og kynna hana jafnframt á vef sveitarfélagsins. Kynningin skal auglýst í auglýsingablaði sveitarfélagsins og á vef þess. Á kynningartímanum skal gefinn kostur á að koma með athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Áætlað er að kynningin á skipulagslýsingunni fari fram á tímabilinu 14. – 31. mars 2013.

Eftir að kynning á skipulagslýsingunni hefur farið fram skal fjallað um tillögu að breytingu á aðalskipulagi í skipulagsnefnd og sérstaklega fjallað um þær ábendingar sem fram kunna að koma á kynningartíma skipulagslýsingarinnar.

Breyting á aðalskipulagi skal síðan kynnt á almennum íbúafundi. Kynningin skal auglýst í auglýsingablaði Eyjafjarðarsveitar, á vef sveitarfélagsins og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Kynningin skal vera öllum opin.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir skipulagsnefnd- og síðan sveitarstjórn til afgreiðslu.

Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar skal tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar.

Eftir athugun Skipulagsstofnunar skal tillagan auglýst og hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan sex vikna frests frá birtingu auglýsingarinnar. Tillagan skal liggja frammi á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, á vef sveitarfélagsins og hjá Skipulagsstofnun. Auglýsing um framlagningu tillögunnar verður birt í auglýsingablaði Eyjafjarðarsveitar, á vef sveitarfélagsins og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu auk Lögbirtingablaðsins.

Að athugasemdafresti liðnum skal skipulagsnefnd og sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til hugsanlegra athugasemda sem borist hafa og tekin afstaða hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögunni verður henni breytt á nýjan leik, og auglýsingar og athugasemdafrestur endurtekin á sama hátt og áður er fjallað um.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi skal tillagan send Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um hana innan 8 vikna frá því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillöguna send afgreiðsla sveitarstjórnar og umsögn um athugasemdirnar.

Tillagan að breytingu á aðalskipulagi skal að þessu loknu auglýst í auglýsingablaði sveitarfélagsins og á vef þess.